

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Blönduóss.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Blönduóss selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Blönduósi eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð um hitaveitu og hitalagnir á Blönduósi.

2. gr.

Hitaveita Blönduóss lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

	Kr.
a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil	75,00
b. Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mín. l. í hámarks stillingu hemils	878,00
c. Vatnsgjald um rennislismáli fyrir hvern rúmmetra vatns	43,30

5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranavatnslögn en er á miðstöðvarkerfi getur hann fengið sér skammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennislshlutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

A	1,00/1,0
B	0,95/1,3
C	0,90/1,7
D	0,85/2,8

Vatnsskammtur notanda (gjaldsskammtur) er í þessu tilviki reiknaður 1,0.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín mánaðarlega og skulu þau greiddast til þeirra innheimtustofnana, sem sveitarstjórn ákveður. Gjaldldagi er við útgáfu reiknings. Hafi reikningur eigi verið greiddur innan 20 daga frá útgáfu reiknings er heimilt að reikna dráttarvexti eins og þeir eru ákveðnir hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

III. KAFLI

7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss
(utanmál)

Heimæðargjald

Allt að 300 m ³	45 021,00 kr.		
300— 2 000 m ³	45 021,00 kr. fyrir	300 m ³ og 41,30 kr/m ³ þar yfir	
2 000— 6 000 m ³	115 350,00 kr. fyrir	2 000 m ³ og 32,90 kr/m ³ þar yfir	
6 000—10 000 m ³	246 763,00 kr. fyrir	6 000 m ³ og 26,80 kr/m ³ þar yfir	
Meira en 10 000 m ³	353 839,00 kr. fyrir	10 000 m ³ og 23,10 kr/m ³ þar yfir	

Stofngjald fyrir hvern aðrennslisheimil umfram einn á sama inntaki er kr. 4 867,00.

8. gr.

Gjöld samkvæmt 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunni heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins, hverju sinni.

IV. KAFLI

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Blönduóss hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með minnst 5 daga fyrirvara.

Lokunargjald er jafnvirði 1 mínútulítra af heitu vatni, á þeim tíma sem lokunartilkynning er send út, nú kr. 878,00.

Hitaveita Blönduóss hefur rétt til að krefja notanda um innheimtugjald, er nemi hálfu lokunargjaldi, vegna undirbúnings að lokun vegna vanskila. Gjald þetta gjaldfellur fari lokunarmaður á vettvang og afhendi þar skriflega tilkynningu um lokun án þess að til lokunar hafi komið.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Blönduóss skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. febrúar 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 281 17. júlí 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 30. desember 1985.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.